

Frá dagþjónustu til dagþjálfunar

Bakgrunnur:

Félagsmálaráð Akureyrarbæjar skipaði starfshóp í apríl 2013 sem fékk það verkefni að skoða samvinnu og / eða samþættingu dagþjónustu aldraðra á Akureyri með það að markmiði að efla gæði starfsins. Niðurstaða hópsins var sú að stjórnun dagþjónustu aldraðra á Akureyri yrði á einni hendi og stýrt frá Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA). Kom sú breyting að hluta til 1. september 2014 og síðan endanlega frá 1. janúar 2015.

Á öllu tímabilinu var unnið með starfsfólki á báðum einingum þar sem skoðað var hvernig framtíðarskipulagið skyldi vera m.t.t. að hámarka samlegð og auka gæði starfseminnar í þágu notenda.

Markmið og gildi dagþjálfunar:

Markmiðið er að styðja aldraða til sjálfstæðis og sjálfræðis og efla færni og sjálfsbjargargetu í heimahúsum og í dagþjálfun. Gildin sem höfð eru að leiðarljósi eru; Umhyggja, samvinna, virðing, gleði, hvatning, félagsskapur og vinátta. Gildin grundvallast á Eden hugmyndafræðinni og hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar sem unnið er eftir í dagþjálfuninni.

Aðferðir:

Farið var í endurmat og endurskipulagningu á allri starfseminni. Verið að breyta rótgrónum starfsaðferðum. Breytt markmið starfseminnar sem felast í því breyta **dagþjónustu í dagþjálfun**. Breyta þurfti (og þarf) viðhorfum notenda og starfsfólks til starfseminnar, ásamt starfsaðferðum. Kallaði það á nýtt skipulag á allri starfseminni. Bæði það sem snýr að notendum, aðstandendum, öðrum samstarfsaðilum og starfsfólki. Verið er að breyta menningu og gömlu skipulagi sem áður tilheyrði tveimur ólíkum vinnustöðum.

Nýjar áherslur þar sem kjarnastarfsemin felst í því að efla einstaklinginn enn frekar í að lifa sjálfstæðu lífi.

Innra starf dagþjálfunar felur í sér viðhaldsþjálfun, efla virkni, einstaklingsíhlutun, efla samstarf við aðstandendur, viðburðir og menningu, fræðslu og ráðgjöf.

Lögd er áhersla á margbreytileika í afþreyingu og virkni í þeim tilgangi að einstaklingar hafi aukið val um virkni, taki þátt eða prófi sig áfram í nýjum aðstæðum.

Í dagþjálfuninni er **almenn og sértæk þjálfun**. Almenn þjálfun inniber fasta liði eins og hópastarf, samverustundir, upplestur, söng, leikfimi, útiveru, gönguferðir, sund, aðstoð í eldhúsi og smíðja (verkstæði/handverk). Vax- og slökunarhópar ásamt ýmissi hugarleikfimi. Karla- og konuhópar, garðvinna og hænur.

Sértæk þjálfun er hugsuð fyrir einstaklinga með greinda minnisskerðingu sem þurfa á sértækari þjálfun að halda s.s. maður á mann, tilheyra minni hópi, skapa öryggi og að einstaklingurinn njóti sín án þess að upplifa vanmátt sinn eða minnkaða færni. Getur verið þjálfun við athafnir í daglegu lífi s.s. klæða sig, nota hjálpartæki, slökun eða að tilheyra klúbbi eins og sólskinsklúbbi sem er sértæk meðferð fyrir einstaklinga sem greindir eru með minnisskerðingar og endurminningahópar.

Niðurstöður og ályktanir:

Gengið var í gegnum farsælt breytingaferli þar sem tvær starfsstöðvar voru sameinaðar í eina. Lykilatriði breytinganna var þátttaka starfsfólks og notenda í breytingunum. Fjölbreytileiki einkennir starfsmanna- og notendahópinn. Starfsmen eru með fjölbreytta menntun, s.s. iðjuþjálfar, félagsráðgjafi, félagsliði, sjúkraliðar og viðskiptafræðingur, ásamt almennum starfsmönnum með grunnám. Notendahópurinn telur um 90 einstaklinga, sá yngsti er 65 ára og sá elsti 99 ára. Dagþjálfunin er með blönduð rými, þ.e. 16 rýmanna eru dagvist B (f. einstaklinga með greinda minnisskerðingu) og dagvist C fyrir aldraða 67 ára og eldri.

Á því eina ári sem liðið er frá sameiningunni hafa engin stór vandamál eða erfiðleikar komið upp á tímabilinu. Í heildina hefur gengið vel og starfsemin er í stöðugri þróun með það að leiðarljósi að auka gæði í þjónustu við aldraða.

Björg Jónína Gunnarsdóttir, deildarstjóri dagþjálfunar ÖA
Friðný B. Sigurðardóttir, forstöðumaður stoðþjónustu ÖA